

Ársskýrsla Fjölbrautaskólans í Breiðholti 2010



Útskriftarhópurinn í maí 2010

1. Hlutverk og skipulag

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti starfar samkvæmt lögum nr. 80/2008 um framhaldsskóla og heyrir undir menntamálaráðherra. Hlutverk skólans er kennsla á bók-, list- og verknámsbrautum og eru lokapróf frá skólanum stúdentspróf af félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, íþróttabraut og viðskipta- og hagfræðibraut, stúdentspróf að loknu starfsnámi, burtfararpróf í húsasmíði, rafiðngreinum og snyrtifræði, próf af sjúkraliðabraut, próf af myndlistar- og handíðabraut. Á sviði námsstuðnings býður skólinn fjögurra ára nám á starfsbraut, nám á innflytjendabraut og frá hausti 2010 nám til framhaldsskólaprófs. Nám á námsbrautum FB er rekið í dagskóla og kvöldskóla, auk þess sem skólinn á sjálfseignarstofnunina Fjölval, sem rekur Sumarskóla FB í júnímánuði ár hvert.

2. Fjöldi nemenda á brautum og fjöldi útskrifaðra

Nemendur skólans skiptust þannig á brautir undangengin tvö ár:

Fjöldi nemenda eftir brautum						
Tegund náms	2009V	2009H	2009	2010V	2010H	2010
Námsstuðningur			4.7%			6.4%
Almenn námsbraut - frskpróf.					49	
Innflytjendabraut	28	45		38	44	
Starfsbraut	28	33		31	32	
Nám til stúdentsprófs			39.8%			38.5%
Félagsfræðibraut	246	260		252	265	
Málabraut	55	56		50	43	
Náttúrufræðibraut	89	113		111	125	
Íþróttabraut	87	116		116	132	
Upplýsinga- og tæknibraut	15	7		4	1	
Viðskiptabrautir	53	48		34	32	
Iðn- og verknám			31.4%			32.0%
Húsasmíðabraut	111	107		89	88	
Rafiðnir	110	103		110	127	
Sjúkraliðanám	66	78		79	84	
Snyrtibraut	133	166		167	178	
Nám að loknu starfsnámi	17	14		23	23	
Listnám			17.5%			18.2%
Handíðabraut	58	71		71	82	
Listnámsbraut	176	200		193	204	
Annað nám			6.6%			5.0%
Ótilgreint nám	15	9		5	9	
Almenn námsbraut	70	96		74	63	
Samtals	1357	1522	100%	1447	1581	100%
Nemendur í leyfi	51	48		49	50	
Fjöldi virkra nemenda	1306	1474		1398	1531	
Nemendur í kvöldskóla	776	704		530	373	
Samtals í skólanum	2082	2178		1928	1904	

Á milli áráanna 2009 og 2010 jókst heildarfjöldi nemenda í dagskóla um 5%. Ríflega 50% þeirra stundaði nám á list- og verknámsbrautum, um 6,4% á sviði námsstuðnings og 38,5% voru skráðir á námsbrautir til stúdentsprófs. Vegna niðurskurðar á fjárveitingum til framhaldsskóla var, samkvæmt fyrimælum ráðuneytisins, dregið úr framboði á kvöldskólanámi. Þannig fækkaði nemendum í kvöldskóla um 39% á milli áráanna 2009 og 2010, úr 1480 í 903.

Útskriftir úr skólanum skiptust þannig á milli brauta árin 2009 og 2010:

Tegund prófs	V09	H09	V10	H10	breyt
Stúdentspróf af félagsfræðabraut	27	23	19	28	-6%
Stúdentspróf af íþróttabraut	3	5	4	4	0%
Stúdentspróf af málabraut	6	4	1	2	-70%
Stúdentspróf af náttúrufræðibraut	4	10	7	8	7%
Stúdentspróf af upplýsinga- og tæknibraut	4	2	1	0	-83%
Stúdentspróf af viðskipta- og hagfræðibraut	5	3	7	3	25%
Stúdentspróf af handmenntabraut	4	1	10	5	200%
Stúdentspróf af myndlistarbraut	14	7	15	9	14%
Handiðabraut 1 ár	11	1	2		-83%
Sjúkraliðar	16	13	21	36	97%
Burtfararpróf af snyrtibraut	7	8	6	13	27%
Burtfararpróf af húsasmiðabraut	13	12	18	18	44%
Burtfararpróf af rafvirkjabraut	35	7	16	23	-7%
Stúdentspróf að loknu starfsnámi	16	18	22	26	41%
Starfsbraut	4		5	0	25%
Samtals lokapróf	169	114	154	175	16%

Heildarfjöldi útskrifaðra jókst um 16% á milli ára. Árið 2009 voru afhent 283 lokaprófsskírteini frá skólanum, en árið 2010 voru þau 329 sem er fjölgun um 46. Sé rýnt nánar í tölurnar má sjá að útskriftum úr verknámi fjölgar verulega, á meðan fjöldi þeirra sem útskrifast með stúdentspróf af bóknámsbrautum stendur nánast í stað á milli ára. Mest er fjölgunin í röðum sjúkraliða og húsasmiða, en einnig fjölgar þeim sem ljúka stúdentsprófi í framhaldi af starfsnámi. Þróun á tveggja ára tímabili segir ekki nægilega mikið til að gefa tilefni til ályktunar, en svo virðist sem vægi list- og verknáms sé að aukast í skólanum á kostnað hefðbundins bóknáms til stúdentsprófs:

Skipting útskrifaðra frá FB eftir gerð náms 2009-10				
	Fjöldi		Hlutfall útskrifaðra	
	2009	2010	2009	2010
Bóknám, listnám, verknám				
Bóknámsstúdentspróf	96	84	34%	26%
Listnám (lýkur yfirl. með stúdentsprófi)	38	41	13%	12%
Verknám (og stúdentspróf að því loknu)	145	199	51%	60%
Starfsbraut (í sérdeild)	4	5	1%	2%
Samtals	283	329	100%	100%

3. Starfsemi

Skólalald var að mestu með hefðbundnum hætti á árinu. Á haustönn 2009 var hafist handa við að móta skólanum nýja stefnu. Unnið var að stefnumótuninni á vorönn 2010 og ný stefnuskrá skólans ásamt almennum hluta skólanámskrár var samþykkt á starfsmannafundi 25. maí 2010.

Stefnuskrá skólans tilgreinir hlutverk, gildi og framtíðarsýn. Einnig meginmarkmið til næstu þriggja ára og markmið þar sem meginmarkmiðin eru útfærð enn frekar. Gildi skólans eru: fjölbreytni, virðing, fagmennska, framsækni og sköpunarkraftur. Í framtíðarsýn skólans eru tilgreindir þættir eins og vellíðan nemenda, gæði náms m.t.t. fjölbreytileika og tengsla við atvinnulíf, æðri menntastofnanir og íslenskt samfélag, öflugt félags- og listalíf, fyrirmyndar starfsumhverfi í skólanum og áhersla á heilsu og umhverfismál.

Meginmarkmið skólans eru þessi:

- *Nám og kennsla í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti standist strangar gæðakröfur*
- *Lögð verði rækt við félagsþroska nemenda og ábyrgð á eigin velferð*
- *Nemendur þekki skyldur sínar og beri ábyrgð á eigin námi*
- *Fram fari skoðun á námsframboði og námsuppbyggingu*
- *Námsstuðningur við nemendur verði aukinn*
- *Styrkja þarf tengsl skólans við ytri hagsmunaaðila og íslenskt samfélag*
- *Fagleg stoðþjónusta skólans verði efl*
- *Aðstaða Fjölbrautaskólans í Breiðholti verði gjörnýtt í þágu menntunar og uppeldis*
- *Stjórnun skólans verði traust og nútímaleg*

Strax á haustönn 2010 var hafist handa að vinna samkvæmt hinni nýju stefnu. Meðal nýjunga var nýtt skipurit skólans sem kynnt var í tengslum við stefnuskrána. Skipuritið gerir ráð fyrir 7 millistjórnendum sem hver stýrir tilteknu starfs- eða kennslusviði skólans. Þeir eru: áfangastjóri faglegrar þjónustu, áfangastjóri námsstuðningssviðs, sviðsstjóri bóknámssviðs, sviðsstjóri heilsusviðs, sviðsstjóri lista- og byggingarsviðs, rekstrarstjóri og fjármálastjóri. Þessir stjórnendur sitja vikulega stjórnendafundi með skólameistara og aðstoðarskólameistara þar sem rædd eru ýmis stefnumál varðandi skólalaldið. Gæðaráð, skipað skólameistara og tveimur fulltrúum starfsmanna, var stofnað á haustönn og hófst handa við að þróa gæðastefnu skólans og gera verkáætlun um innra mat. Nýtt félagsmálategymi skipað þremur fulltrúum kennara tók til starfa á haustönn og hafði það hlutverk að styðja við félagsmálastarf nemenda og grasrótastarf í forvarna- og umhverfismálum. Nýir fagstjórar voru ráðnir til tveggja ára frá hausti 2010, svo og þrír sviðsstjórar kennslusviða. Rekstrarstjóri var ráðinn til tveggja ára og tveir áfangastjórar til fjögurra ára, en áfangastjórar eru jafnframt sviðsstjórar.

Sumarið 2010 réðust Fasteignir ríkissjóðs í endurgerð kennsluhúsnæðis húsasmíðadeildar að Hraunbergi 8 með góðum árangri, þannig að nemendur og kennarar á húsasmíðabraut eru afar ánægðir með aðstöðuna. Einnig var skrifstofuaðstaða námsráðgjafa bætt, og tölvustofur skólans endurbættar með uppröðun í samræmi við óskir kennara í upplýsingatækni, með nýjum kennsluborðum og tölvuskjám.

Skólinn tók þátt í að þróa áfangann Nýsköpunarmennt og atvinnulíf í grenndarsamfélagi sem stofnað var til af hálfu tveggja ráðuneyta, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins. Kennarar af listnáms- og húsasmíðabraut sóttu námskeið til undirbúnings áfanganum sem síðan var kenndur í byrjun ágúst í FB, hjá ÍSTAK og í Tækniskólanum við mikla ánægju nemenda og aðstandenda verkefnisins. Nú er spurning hvort hægt sé að endurtaka leikinn, á meðan reynslan er ennþá lifandi.

Skólinn tók einnig að sér verkefni fyrir Vinnuálastofnun um kennslu ungs atvinnulauss fólks og hélt 5 vikna námskeið á vorönn sem 31 ungmenni sótti. Reynt var að fara af stað með annað verkefni á haustönn, samstarfsverkefni undir stjórn Tækniskólans, en aðsókn reyndist dræm.

Skólinn tók sem endranær þátt í erlendum samstarfsverkefnum á vegum Comeniusar-áætlunarinnar, Nordplus og E-twinning. Á vegum listnámsdeildar skólans eru á hverri önn haldnar sýningar á verkum nemenda bæði innan skólans og í Gallerí Tukt. Handíðabrautin heldur einnig sýningar á verkum nemenda og árlega tískusýningu á sal skólans. Þessir viðburðir skreyta skólahaldið.

4. Nemendaígildi

Samkvæmt fjárlögum 2010 fékk skólinn úthlutað 1167 nemendaígildum og fyrir tilstuðlan mennta- og menningarmálaráðuneytisins var ígildum fjölgað í 1177 frá og með haustönn, vegna nemendafjölgunar í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaða ársins sýnir að skólinn skilaði 1262 heildarnemendaígildum á ársgrundvelli, sbr. neðangreinda töflu:

	Vor 2010	Haust 2010
Dagskóli	1081	1211
Kvöldskóli	111	60
Starfsbraut	31	31
Samtals	1223	1302
Ársígildi samtals	1262.5	
Krafa mrn.	1167	
Umframígildi	95.5	

Af þessum sökum fékk skólinn viðbótarfjármagn við uppgjör um áramót 2010-11.

5. Fjármál og rekstur

Fjárhagsstaða Fjölbrautaskólans í Breiðholti hefur snúist til hins betra á árinu 2010 og tókst að reka skólann vel innan fjárheimilda ársins. Þannig hefur tekist tvö ár í röð að greiða niður uppsafnaðan rekstrarhalla skólans sem í árslok 2008 nam kr. 112,5 milljónum. Á árinu 2009 var lækkunin um 16,8 milljónir og á árinu 2010 sýnist hún verða um 70 milljónir þannig að uppsafnaður rekstrarhalli skólans verður kominn niður í um 26 milljónir í ársbyrjun 2011.

Taflan hér á eftir sýnir rekstartölur skólans á árabílinu 2007-2010:

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: rekstur 2007-2010				
Heiti	2010-áætl.	2009	2008	2007
Dagvinna	495,945,005	509,352,400	491,280,202	442,775,521
Vaktaálag	737,424	1,292,683	663,621	583,784
Aukagreiðslur	10,108,920	10,591,332	4,218,963	1,579,113
Yfirvinna	135,802,867	175,833,530	203,779,189	185,807,961
Launatengd gjöld	160,490,878	153,281,539	147,458,380	132,200,105
Laun	803,085,094	850,351,484	847,400,355	762,946,484
Fundir, námskeið og risna	687,301	634,363	1,702,485	2,256,403
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	155,390	310,650	124,725	523,786
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	3,502,008	4,254,187	1,446,076	1,120,141
Akstur	1,922,550	1,566,384	2,075,468	2,152,446
Ferðakostn.	6,267,249	6,765,584	5,348,754	6,052,776
Tímarit, blöð og bækur	907,412	1,236,515	1,353,930	1,079,263
Skrifstofuvörur og áhöld	7,332,025	7,280,119	6,380,921	7,347,278
Aðrar vörur	19,387,598	24,267,637	18,932,242	16,022,305
Skrifstofuvörur	27,627,035	32,784,271	26,667,093	24,448,846
Önnur sérfræðipjónusta	13,976,846	26,475,584	22,408,439	18,647,604
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	8,383,085	5,088,308	3,923,280	2,003,477
Prentun, póstur, augl., flutningar	3,059,339	4,448,093	5,505,957	6,055,478
Sími og ýmis leigugjöld	6,907,793	6,496,965	8,051,198	9,711,856
Pjónusta	32,327,063	42,508,950	39,888,874	36,418,415
Verkaup og byggingavörur	4,603,219	4,010,353	4,048,313	4,033,290
Rafmagn og heitt vatn	10,684,764	11,687,202	10,874,763	9,534,808
Húsaleiga og aðk. ræsting	112,963,992	107,132,716	97,092,198	81,362,815
Húsnæði	128,251,975	122,830,271	112,015,274	94,930,913
Brennsluefni og olíur	63,923	168,223	92,809	65,225
Verkstæði og varahlutir	591,322	725,557	301,294	249,973
	655,245	893,780	394,103	315,198
Vextir, bætur, skattar	341,841	541,792	811,770	533,997
Eignakaup	17,920,434	27,569,964	28,518,760	48,784,282
Tilfærslur	338,000	175,000	385,000	152,820
Eignakaup	18,600,275	28,286,756	29,715,530	49,471,099
Samtals gjöld	1,016,813,936	1,084,421,096	1,061,429,983	974,583,731
Sértekjur	-69,881,368	-82,801,488	-68,783,576	-55,596,476
Aðrar rekstrartekjur	-47,396,977	-43,688,999	-43,417,134	-46,431,117
Framlag ríkissjóðs	-969,858,243	-974,765,490	-886,994,938	-748,470,785
Samtals tekjur	-1,087,136,588	-1,101,255,977	-999,195,648	-850,498,378
Afgangur (-) / halli	-70,322,652	-16,834,881	62,234,335	124,085,353

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri sýnist rekstrarafgangur vera um 70 milljónir, sem skýrist að hluta af óvæntum viðbótarfjárheimildum til skólans vegna húsnæðis, ógreidds námsorlofs kennara 2008 og nemendafjölgunar, auk lækkunar á launa- og rekstrarkostnaði vegna niðurskurðar á námsframboði kvöldskólans og almenns sparnaðar í rekstri og kaupum á aðföngum.

6. Horft fram á veginn

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er glæsileg menntastofnun sem hefur alla burði til að vera leiðandi í þjónustu við nemendur á framhaldsskólastigi. Sú stefna skólans sem ríkt hefur frá upphafi, að hýsa undir einu þaki bóknám, verknám og listnám af fjölbreyttum toga reynist framsýn og til þess fallin að takast við áskoranir sem menntakerfið stendur frammi fyrir nú um stundir. Þegar við bætist sterk hefð umhyggju og virðingar fyrir sérhverjum nemanda sem hér hefur ríkt og starfsfólk lítur á sem aðal skólans, er einboðið að álykta að skólinn geti gegnt sporgönguhlutverki í að feta nýjar slóðir á sviði menntunar hér á landi.

Ýmis úrlausnarefni blasa við, svo sem að endurmóta námstilboð skólans innan ramma nýrra framhaldsskólalaga, að gera draumsýn okkar um heilsuskóla að veruleika, að þróa enn frekar þjónustu okkar við nemendur sem eiga undir högg að sækja í námi, að þróa og móta krefjandi námskosti fyrir sterka námsmenn, að styrkja enn frekar stoðir listnáms í skólanum og þannig mætti lengi telja.

Reykjavík 24. febrúar 2011,


Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari